



UM gongur og rettir, þennan tilþrifamesta annatíma í sveitinni, gerast ævintýrin á öðru hverju leití. Sauðkindin, þessi lagðrúða fegurðardís fjallanna, kemur með fönguleg afkvæmi sín til byggða á ný. Safnið fellur eins og dreifð skriða niður hliðarnar og að lokum sameinast það við réttina, þar sem öllu egrir saman, hóandi gangnamönnum, geltandi hundum, frísandi hestum, hlæjandi heimasætum og nú á síðustu tímum skröttandi bifreiðum. — Þannig verður allt að einum ómánda klíð. Og það er einmitt þetta mikla líf, þessi stöðugi hávaði, sem seidir menn til sín og skapar ævintýrin. Og þessa dagana iðar allt af lífi og fjöri við hverja einustu rétt landsins.

HEIMSÓKN Í ÞRJÁR RÉTTIR

Í fyrradag fór tíðindamaður blaðsins í heimsókn í þrjár réttir: Svignaskarðsrétt var hin fyrsta, en víðdöl þar stutt. Síðan var haldið vestur í Miklholtshrepp á Snæfellsnesi og dvalið við vígslu nýrrar réttar, en þaðan haldið upp í Borgarfjörð á ný og komið að Þverárrétt, sem mun vera stærsta rétt í Borgarfirði. Og alls staðar var líkt um að litast, fjöldi fállegra kinda, góðhestar og glaðir reidmenn, börn og gamalmenni, konur og karlar og vígreifir hundar. Og réttarpelinn gekk milli manna og ómerkingar voru seldir á uppboði.

FJÁRRÍKIR OG DUGANDI BÆNDUR

Vestur í Miklholtshreppi býr myndarlegt og dugandi fólk. Þar eru bændur fjármargir þótt aðeins séu 7 ár síðan hver kind var þar skorin niður. Svo var mér sagt, að aðeins einn bóndi ætti færri en 20 fjár í öllum hreppnum. Í hreppnum eru um 30 jarðir, en fjáreign hreppsþúa er um 8 þúsund framgengið á vori. Þetta er glæsilegur hópur, þegar hann kemur fast að því tvöfaldur til réttar að haustinu.

Í tveir aldir hafa hreppsþúar Miklholtshrepps réttað fé sitt í Miðhraunsrétt. Það var því orðin full þörf á byggingu nýrrar réttar. Enda hófust hreppsþúar handa af krafti í fyrravor og luku byggingu réttarinnar að mestu í sjálfboðavinnu nú í sumar. —

Rétt þessi er glæsilegt mannvirki. Er hún hringrétt með 15 dílkum auk almennings, sem tekur um 1800 fjár, en dílkarnir taka 7—800 fjár hver. Réttin stendur á svo nefndu Langholti við Grímsá og hlaut nafnið Langholtsrétt. Er hún allmiklu neðar í sveitinni en Miðhraunsrétt var.

# Þeir reistu sitt glæsilega réttarmannvirki í sjálfboðavinnu

## Heimsókn á Langholtsrétt í Miklholtshreppi

MARGT UM MANNINN

Að afliðandi haðegi var komið með safnið að réttinni, en göngur eru stuttar í Miklholtshreppi. Gangnamenn leggja ekki af stað fyrr en sama morgun og réttað



Réttarstjórinn, Eður Sigurðsson, gluggar í markaskrána.

er og taka göngurnar því ekki nema nokkrar klukkustundir, enda er afrétt engin, aðeins heima lönd, girt háum fjöllum. — Við réttina var að þessu sinni saman kominn mikill fjöldi héraðsbúa svo og nokkrir aðkomumenn. Þar var þingmaður kjördæmisins. Sigurður Ágústsson í Stykkishólmi, sýslumaður Snæfellinga, búnaðar málstjóri o. fl. Þótt réttardagur sé ávallt hátíðisdagur var hann þó venju fremur hátíðlegur að þessu sinni, þar sem vígsla réttarinnar átti nú að fara fram.

MIKIÐ UNNIÐ Í SJÁLFBODAVINNU

Fyrsta fjárhópnum var nú hleypt úr girðingunni, sem stendur við réttina, en hún tekur að sjálfsgöðu ekki allt safnið. Rann það nú inn um aðalhlíð réttarinnar, sem mun vera eitthvert

glæsilegasta réttarhlíð, sem um getur hér á landi. — Oddviti hreppsins, Gunnar Guðbjartsson frá Hjarðarholti, flutti vígsluræðu og lýsti gerð réttarinnar. Er hún öll byggð úr steini með vönduðum hliðgrindum úr jární á hverjum dílk. Réttin er að mestu byggð í sjálfboðavinnu bændanna sjálfra, sem jafnað var síðar eftir landstærð og fjárfjölda hvers bónda, og rómaði Gunnar mjög dugnað þeirra og áhuga við bygginguna. Réttin er talin hafa kostað í heild um 215—220 þúsundir króna. Efni kostaði 100 þús. Fagmannavinnna var 40 þús., en gjafavinna hreppsþúa metin á 70 þús. Virðist það fljótt á litið vera hóflega metið, enda mun ekki hafa verið talin eftirvinna og menn ekki talið eftir sér að vinna myrkranna á milli, ef svo hefur borið undir. Í réttina fóru 30 tonn af sementi og 6½ tonn af steypujární. Þorkell Guðbjartsson teiknaði réttina og hafði á hendi yfirsmíði. Réttin er um 65 m í þvermál öll, eh almenningur 24 m í þvermál. Í lok ræðu sinnar lýsti Gunnar vígslu réttarinnar og bað tvo elztu bændur sveitarinnar, þá Jóhann Lárusson á Litlu-Þúfum og Sigurð Kristjánsson í Hrisdal, að draga fyrstu kindurnar.

Búnaðarmálastj., Páll Zóphaníasson, sagði nokkur orð við vígsluathöfnina.

ÖLLUM BODIÐ TIL FAGNAÐAR

Var athöfn þessi öll hin virðulegasta, þótt kindajarm og hundgá kvæði við öðru hverju, en það heyrði til á þessum stað. — Tók nú réttarstjórinn, Eður Sigurðsson, völdin og hóst þá dráttur af krafti. Þarna var kominn saman mikill fjöldi fólks, enda gekk dráttur greiðlega.

Um kvöldið bauð hreppsnefnd öllum hreppsþúum til mikils hófs, sem haldið var í félagsheimili hreppsins, Breiðabliki. — Var þar mikill og góður fagnaður. —



Langholtsrétt var fánum þrýdd er fyrstu kindurnar runnu inn í almenninginn.

## Magnús Guðjónsson kaupmaður Hafnarfirði 65 ára



MUN margur Hafnfirðingur reka upp stór augu og minnst hins síkvika heiðursmanns, sem hleypur um sem tvítugur væri og vart trúá því að hann ætti svo mörg ár að baki.

Sannleikurinn er samt sá, að fyrir réttum 65 árum fæddist Magnús að Lambhaga í Hraunum og var þar með föður sínum þar til hann árið 1910 fluttist til Hafnarfjarðar. Má síðan með sanni segja að hver maður í Hafnarfirði þekkti Magnús og Magnús hvern Hafnfirðing því hann er maður félagslyndur og vinnmargur. Hjálpast hvort tveggja að, að hann er bógóður með afbrigðum og hefur víða komið við í starfi sínu. Lengst af stundaði Magnús fólks og vöruflutninga með bifreiðum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og reyndar víðar um land. Hann er með elztu bilstjórum þessa lands svo sem bifreiðaskírteini hans ber með sér, en það er nr. R. 41. Árið 1917 byrjaði Magnús fyrir alvöru að keyra gamla Fordinn sinn model 1917. Billinn hafði aðeins 2 gíra áfram, sem reyndar voru tveir pedalar er þurfti að stíga á eftir því hve hart skyldi ekið. Já — stundum vantaði illilega þann þriðja segir Magnús kíminn á svip — því oft þurfti að biðja farþegana að stíga út úr bílnum og ýta á eftir upp verstu brekkurnar. En niður brekkur voru aðrir bílar ekki betri. Karlarnir sem ýtt höfðu upp brekkurnar stigu upp í luxusinn á brekkubrún, tóku sér dömu á kné og ríghéldu henni niður næstu brekku, því venjulega var engin ferð farin að ekki væri tvöfalt hlasi í bílnum. Já, þá var oft líf í tuskunum, en svo fóru bæði bílar og vegir að batna og enginn þurfti að ýta. Þá var eins og sportið yrði minna og fólkið settlegra. Ferðin tók ekki nema hálf klukkustund, rétt eins og nú en á fyrstu árum bifreiðanna vorum við þetta 1—2 klst. eftir því hve blautur vegurinn var og fólk hafði þá tíma til að kynna.

Jafnframt keyrslunni gerði Magnús út vélbát frá Hafnarfirði ásamt öðrum og 1944 lagði hann bilkeyrsluna niður og hóf útgerð af fullu kappi þar til hann 1950 seldi sinn hluta í fyrirtækinu og fluttist í Garðahrepp, þar sem hann býr nú. Byggði hann þar hús og setti brátt á stofn verzlun, sem hann rak um nokkurt skeið. Undruðust þá margir og sögðu að ekkert vit væri það fyrir Magnús að verzla, hann bara gæfi vörurnar út en seldi ekki.

Víst hefur Magnús mörgum miðlað bæði fyrr og nú og fáa veit ég jafn greiðvikna og hann. Það er eins og allt gangi vel hjá Magnúsi, hann er alltaf í sólskins skapi og alltaf á ferð og flugi, hann bókstaflega hefur ekki tíma til að láta hlutina ganga á afturfótunum.

Árið 1913 kvæntist Magnús sæmdarkonunni Herðisi Nielsdóttur, Torfasonar úr Hafnarfirði. Þjuggu þau saman í 32 ár þar til hún lézt 1945.

Í dag óska hinir fjölmörgu vinir Magnúsar honum til hamingju með sextíu-og-fimm ára afmælið og bakka honum margan vinargreiða.

G. R. Ó.



Tveir elztu bændur í Miklholtshreppi draga fyrstu kindurnar. T. v. Jóhann Lárusson, Litlu-Þúfum, en t. h. Sigurður Kristjánsson í Hrisdal. Ljósma.: vig.